

Fréttabréf ÞFÍ – 21. febrúar 2010 bls. 2

Afmæliskveðja til ÞFÍ

David Gislason heiðursfélagi okkar sendi afmælisfundi ÞFÍ svohljóðandi kveðju.

*You were born in the shadow of
deepening darkness,
The advent of winter, the onset of war.
Your nation has known that in times
of oppression
That strength lies in cultural traits,
as of yore.*

*You've heeded the caution
in poets' prediction
That pitfalls in future prosperity lay-
That faith in tradition, and
Language Protection
For Iceland would lead to a
brightening day.*


*We share in your moment, and
celebrate with you,
Sending our tribute from here
in the West.
We're proud of our kinship,
our culture we value
Canadians laud you, and
wish you the best.*

Congratulations on your 70th Anniversary.
David Gislason

Snorraverkefnið 2010


Snorrasjóður hefur valið 16 þátttakendur úr umsækjendahópi ársins; 13 stúlkur og 3 drengi. Ungmennin sem koma þann 12. júní n.k. eru: Autumn Whiteway frá Calgary, Alberta; Holly Long frá Calgary, AB; Iléana Eilis Soley Gutnick frá Outremont, Québec; Isaac Leon Muscanto frá Roseville, Minnesota; Jesse Chisholm-Beatson frá Stratford, Ontario; Jodi Amy frá Southampton, ON; Joeseph Bowen frá Minneapolis, MN; Kara Bodvarson frá Medicine Hat, AB; Kathrina Cordingley frá Carberry, Manitoba; Kristjana Britton frá Winnipeg, MB; Paulette Taillefer frá St-Adolphe, MB; Sarah Isbister frá Chilliwack, B.C.; Stephanie Bokenfohr frá Calgary, AB; Teal Johannson-Knox frá Hanmer, ON; Tanya Bjornson frá Ferndale, Washington og Vanessa Corkal frá Saskatoon, Saskatchewan.

Hlývindi



Bókin **Hlývindi** var kynnt á afmælisfundi ÞFÍ 28.11. sl. Í henni eru ljóð og laust mál eftir Stephan G. Stephansson. Baldur Hafstað, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, hafði veg og vanda af vinnslunni og eru frábærar skýringar við einstök ljóð. Stephan G. skipar sess meðal mestu hugsuða sem þjóð okkar hefur alið. Hann var maður margra heima; ólst upp í afdölum norðanlands og fluttist til Vesturheims í leit að betra lífi. Hann var óhræddur við að segja skoðun sína á málefnum líðandi stundar. Hlývindi er gefin út af - skolavefurinn.is -

Passion



Fyrir skömmu kom út rómatíska spennusagan *Passion* eftir Neil Bardal og Fay Cassidy. Þau unnu að bókinni í þrjú og hálf ár og útgáfu hennar var flýtt vegna veikinda Neils en hann náði að sjá hana áður en yfir lauk. Neil sagði gjarnan að ekkert væri ómögulegt og vildi láta reyna á hlutina. Hann átti sér þann draum að kynna bókina með Fay sem víðast og þar á meðal á Íslandi. Áður en hann dó notaði hann bókina til þess að stappa stálinu í syni sína og Fay heldur merkinu á lofti. Hún ætlar að kynna bókina á Þjóðræknisþinginu í Toronto og vonast til að fá tækifæri til þess að koma til Íslands síðar á árinu í sömu erindagjörðum. Hægt er að panta bókina á netinu - bardalcassidy.com - en Fay veitir allar nánari upplýsingar - fdcassidy@hotmail.com -
